

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 01 – 2024

*Staður:* Teams

*Tími:* þriðjudagur 30. janúar 2024 kl. 13:00

*Fundinn sátu:* Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson og Ingiberg Daði Kjartansson fulltrúar nemenda (sá síðarnefndi er að taka við af þeim fyrrnefnda), Þóranna Jónsdóttir, Daði Már Kristófersson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Haukur Þórðarson (sat ekki allan fundinn vegna kennslu). Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður. Theódóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri sat fundinn undir 6. lið.

**1. Fundargerðir – umræða og afgreiðsla:** Ákveðið að endursenda síðustu fundargerðir til rafrænnar undirritunar.

**2. Siðareglur– framlagðar reglur til samþykktar.** Ein breytingatillaga var til umræðu - um að taka út úr grein 23 : ... eða í nafni rannsóknastofnana innan hans“ Breytingatillagan var samþykkt og í framhaldi af því voru framlagðar siðareglur samþykktar með áorðnum breytingum.

**3. Innleiðing stefnu (skipurit, fundir með starfsfólki).** Þrjár fundir verða með starfsfólki núna á vorönn vegna innleiðingarinnar, sá fyrsti næsta mánudag. Þar verður m.a. rædd fækkun deilda og endurskipulagning námsbrauta og námsleiða. Einnig verða ræddar mögulegar útfærslur á breyttri vinnutímaskráningu.

**4. Reglur Lbhí - helstu áherslur við uppfærslu – umræða.** Rædd voru nokkur atriði sem til tals hefur komið að þurfi að breyta, og fleira mun koma upp vegna innleiðingar stefnu og mögulegra breytinga á skipuriti.

**5. Starfsreglur háskólaráðs – umræða.** Ekki liggja fyrir stór atriði sem þarna þarf að breyta, en einhver þó. Háskólaráð þarf svo að vanda sig að fara eftir reglunum. Stefnt að því að afgreiða mögulegar breytingar á næsta fundi.

**6. Fjármál – áætlun 2024– umræða.** Rekstrarstjóri mætti á fundinn undir þessum lið. Eins og staðan er í dag eigum við afgang uppá 73 milljónir 2023 en eftir er að reikna inn leigu vegna Miðfossa sem ekki er komin full niðurstaða í . Áætlun 2024 er 41 milljónir í mínus og er okkur heimilað að nota afgang fyrra árs upp í það. Framlag ríkisins lækkar úr 1250 í 1235 milljónir milli ára skv. fjárlögum. Vegna óvenjugóðs árangurs í styrkjaöflun sbr 8. lið mun þurfa að endurskoða áætlunina í vor.

**7. Jarðræktarmiðstöð / gróðurhús / staða mála– umræða.** Stuðningur við fjármögnun tilraunagróðurhúss fékkst ekki úr samstarfssjóði háskólanna. Ýtt hefur verið á eftir fundum með stjórnvöldum vegna jarðræktarmiðstöðvar en hægt hefur gengið með það. Hins vegar funduðu rektor og rekstrarstjóri með fulltrúa

háskólaráðuneytis í morgun og skv. honum er hreyfing að komast á mál varðandi fjármögnun jarðræktarmiðstöðvar og líkur á að þau skýrist betur fljótlega.

## **8. Mál til upplýsingar**

a. Samningur við matvælaráðuneytið um kornkynbætur var undirritaður á dögunum. Verkefnið byggir á tillögum úr skýrslunni Bleikir Akkrar sem Landbúnaðarháskóli Íslands vann um um eflingu kornræktar og kom út í mars sl. Í framhaldi af þessu er verið að auglýsa fjórar stöður í jarðrækt: 2 akademískar stöður, einn sérfræðing og einn aðstoðarmann.

b. Styrkir úr samstarfssjóði háskólanna: Lbhí fékk stuðning í 7 verkefni þar, þar af ein vegna umsóknar sem við leiðum og hinar 6 leiðir HÍ.

c. Styrklutfall úr Rannís á dögunum var óvenju gott. Landbúnaðarháskóli Íslands sendi inn 10 umsóknir og fékk fjórar þeirra samþykktar, tvo verkefnisstyrki, einn nýdoktorsstyrk og einn doktorsnemastyrk.

d. Verið er að vinna 5 eða 6 EU-Horizon umsóknir og ýmislegt fleira alþjóðlegt sem er mjög spennandi.

e. Rætt að fá RML til ráðgjafar um framtíðar rekstrarfyrirkomulag búrekstrar Lbhí.

f. Dagskrá verður vegna 80 ára afmælis Hestbúsins 21.- 22. mars á Hesti og Hvanneyri.

Fundi slitið kl. 14.30.